

31. ágúst 1996

1197

Nr. 476

AUGLÝSING

um útflutningshlutfall kindakjöts og útflutningsgjald.

Samkvæmt 4. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993, sbr. breytingu með lögum nr. 124/1995 og tillögu Bændasamtaka Íslands hefur verið ákveðið að neðangreint hlutfall kindakjöts af slátrun haustsins 1996 verði flutt á erlendan markað:

- a. Dilkakjöt 19%.
- b. Kjöt af fullorðnu fé 19%.

Þá hefur verið ákveðið, samkvæmt tillögum Framkvæmdanefndar búvörusamninga, að útflutningsgjald af kindakjöti verðlagsárið 1996-1997, sbr. 5. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993, sbr. breytingu með lögum nr. 124/1995, verði eftirfarandi:

- a. Á dilkakjöti kr. 194,83 pr. kg.
- b. Á fullorðnu fé kr. 169,37 pr. kg.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt 29. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 31. ágúst 1996.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.